

Hönnun og smíði 7

Markmið með þessari lotu er að:

Nemendur læri: örugga meðferð verkfæra og góða umgengni í smíðastofunni; góða líkamsbeitingu við vinnu, og þjálfist í notkun ýmissa handverkfæra og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgögn sem við notum:

Ýmis handverkfæri. Gegnheill viður, spónaplötur, mdf plötur, festingar og ýmislegt endurnýtt efni.

Kennsluhættir í lotunni:

Sýnikennsla, samvinnunám, jafningjafræðsla, tilraunir, verkefnavinna.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf meðan unnið er. Gátlistar tengdir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Einkunn og/eða umsögn gefin fyrir hvert verkefni sem lokið er.

Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Handverk

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.

Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Hönnun og tækni

- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu.
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.

Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Umhverfi

- Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

List- og verkgreinar sameiginleg fyrir 5.-7. bekk - Menningarlæsi

- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.
- Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.

- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.